

**Nr. 055 / 09 Vestmannaey VE 444*****Skipverji slasast á höfði***

Skipaskr.nr. 2444  
 Smíðaður: Pólland 2007, stál  
 Stærð: 290 brl. 486 bt.  
 Mesta lengd: 28,93 m Skráð lengd: 25,69 m  
 Breidd: 10,39 m Dýpt: 6,59 m  
 Vél: Yanmar 514 kW, 2006  
 Fjöldi skipverja: 12



Vestmannaey©Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
 Lögregluskýrsla  
 Gögn RNS

*Lokaskýrsla afgreidd á fundi 2. nóvember 2009 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 20. maí 2009 var Vestmannaey VE 444 á togveiðum við SA ströndina. Veður: Hægviðri.

Skipverjar voru að taka trollið og voru að setja pokastroffuna á pokann þegar einn þeirra missti takið á stroffusylgju neðst í stroffunni með þeim afleiðingum að hún slóst í höfuð hans. Skipverjinn var með öryggishjálm en höggið var það mikið að hann brotnaði og slóst af honum.



Stroffusylgjan©Lögreglan

Skipverjinn vankaðist við höggið og fékk skurði á ennið þannig að ákveðið var í samráði við lækni að sigla með hann strax til Vestmannaeyja.

***Við rannsókn kom fram:***

- að skipverjinn hélt um sylgjuna á pokastroffunni þegar híft var með gils í hinn enda hennar til að fá hana lengri og þar með hægt að fá fleiri vafninga

um pokann. Við þetta kom of mikil spenna á belginn og skipverjinn missti takið á sylgjunni með þeim afleiðingum að hún snérist og slóst hægra megin í höfuð hans með miklu afli;

- að um venjulegt verklag var að ræða en eftir atvikið var því breytt og hætt að hífa í stroffuna með þessum hætti. Notuð er nú sér stroffa við að ná belgnum saman;
- að skipverjinn var með öryggishjálmi með hökubandið fast en við höggið brotnaði hann og fór af honum. Skipverjinn fullyrti að hjálmurinn hefði komið í veg fyrir að ekki fór miklu verr.

### *Nefndarálit:*

Orsök óhappsins var varhugavert verklag.

Nefndin minnir á mikilvægi þess að gera sérstaka áhættugreiningu vegna starfa um borð.